

Fjárfestingaráðgjöf

Hverjir þurfa starfsleyfi til að veita fjárfestingaráðgjöf?

Samkvæmt 6. tl. 3. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002 (ffl.) eins og þeim var breytt með lögum nr. 111/2007, þurfa aðilar sem veita fjárfestingaráðgjöf starfsleyfi til að sinna þeirri starfsemi eftir 1. nóvember 2007. Fjármálaeftirlitið veitir starfsleyfin.

Fjárfestingaráðgjöf er persónuleg ráðlegging til viðskiptavinar í tengslum við fjármálagerninga, hvort sem er að frumkvæði viðskiptavinar eða þess sem þjónustuna veitir, sbr. 5. tl. 1. mgr. 2. gr. laga um verðbréfavíðskipti, nr. 108/2007 (vvl.).

Það er því um þrjú grundvallarskilyrði að ræða til þess að þjónusta teljist *fjárfestingaráðgjöf*, í þessum skilningi.

1. Ráðgjöfin varðar *tiltekna fjármálagerninga*.

Fjármálagerningur er skilgreindur í 2. tl. 1. mgr. 2. gr. vvl. Til fjármálagerninga teljast t.d. hlutabréf og skuldabréf.

2. Ráðgjöfin er veitt *persónulega* til viðskiptavinar.

Með þessu er átt við að ráðgjöfin verður að byggjast á mati á högum viðkomandi viðskiptamanns og því hvort gerningurinn sé viðeigandi og hæfi honum.

Ráðgjöf til hóps viðskiptamanna telst því ekki vera fjárfestingaráðgjöf, nema slíkt mat hafi farið fram fyrir hvern þeirra. T.d. getur verið um að ræða upplýsingar um tilteknar tegundir fjármálagerninga eða upplýsingar um þróun á tilteknum mörkuðum. Aðili sem einungis veitir almennar leiðbeiningar til fjölda nafngreindra einstaklinga, t.d. í formi fréttabréfs með greiningum og mati á stöðu og stefnu markaðarins, telst ekki veita fjárfestingaráðgjöf þar sem ekki er um *persónulega* ráðgjöf að ræða. Almenn ráðgjöf getur aftur á móti verið liður í persónulegri fjárfestingaráðgjöf.

3. Í ráðgjöfinni verður að felast *ráðlegging* um tilteknar aðgerðir (aðgerðarleysi).

Þessar aðgerðir geta t.d. verið:

- i. að kaupa, selja, skrá sig fyrir, skipta, innleysa, varðveita eða tryggja tiltekinn fjármálagerning, eða
- ii. nýta eða nýta ekki rétt sem tiltekinn fjármálagerningur veitir til að kaupa, selja, skrá sig fyrir, skipta eða innleysa fjármálagerning.

Ráðgjöf getur þar af leiðandi einnig falist í því að eiga *ekki* viðskipti. Þá telst það hluti ráðleggingar að greina viðskiptamanni frá áhættu og afleiðingum ákvörðunar.

Starfsemi sem telst almennt ekki fjárfestingaráðgjöf

Eftirfarandi eru dæmi um starfsemi sem telst almennt ekki fjárfestingaráðgjöf og þarf þ.a.l. ekki að sækja um starfsleyfi til að stunda hana.

- Útgáfa tímarita o.þ.h. með ábendingum og umfjöllun um fjárfestingakosti.

- Vinnsla almennra greininga á tilteknum markaði til að nota við fjárfestingaákvæðanir (opinber fjárfestingaráðgjöf). Þess háttar ráðgjöf fellur undir sérreglur Fjármálaeftirlitsins um opinbera fjárfestingaráðgjöf.

Undantekningar frá kröfunni um starfsleyfi

Eftirtaldir aðilar eru undanþegnir skilyrðum laganna um starfsleyfi:

1. Seðlabankar ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins og aðrar opinberar stofnanir sem annast eða hafa afskipti af lánamálum ríkja.
2. Vátryggingafélög.
3. Verðbréfasjóðir, fjárfestingarsjóðir og lífeyrissjóðir sem og vörslufyrirtæki og rekstrarfélög slíkra sjóða.
4. Lögmenn og löggiltir endurskoðendur, enda sé um tilfallandi þjónustu að ræða og hún veitt sem eðlilegur þáttur í viðtækara viðfangsefni á starfssviði þeirra.

Í þessu fellst t.d. að almennt myndi ráðgjöf til útgefanda vegna eigin fjármálagerna (t.d. vegna hlutafjárhækkunar eða ráðgjafar vegna yfirtökutilraunar á útgefanda) ekki teljast fjárfestingaráðgjöf í þessum skilningi. Hins vegar myndi ráðgjöf um aðrar tilteknar fjárfestingar falla hér undir s.s. um kaup á fjármálagerningum annarra útgefanda, þ.m.t. yfirtökur á öðrum félögum.

Það er hins vegar skilyrði að þjónustan sé tilfallandi. Um leið og þjónusta er ekki lengur tilfallandi telst hún starfsleyfisskyld. Undir það gæti fallið ákveðnir þættir fyrirtækjaráðgjafar (Corporate finance).

5. Aðilar sem veita þjónustu fyrir móðurfélög sín, dótturfélög sín eða fyrir önnur dótturfélög móðurfélags síns.
6. Aðilar sem veita aðeins þjónustu í tengslum við stjórnun á sjóðum starfsmanna um fjárfestingar.
7. Aðilar sem hafa ekki leyfisskylda starfsemi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki að meginstarfsemi sinni, metið á samstæðugrunni, og eiga í viðskiptum með fjármálagerna fyrir eigin reikning eða veita viðskiptavinum meginstarfsemi sinnar þjónustu með hrávöruafleiður eða afleiðusamninga skv. d-lið 2. tl. 1. mgr. 2. gr. laga um verðbréfavíðskipti.
8. Aðilar sem veita fjárfestingaráðgjöf sem hluta af þjónustu sem fellur ekki undir lög um fjármálafyrirtæki að öðru leyti svo framarlega sem ekki er greitt sérstaklega fyrir ráðgjöfina.
9. Aðilar sem hafa að meginstarfsemi að eiga í viðskiptum fyrir eigin reikning með hrávöru eða hrávöruafleiður, svo framarlega sem þeir eru ekki hluti af samstæðu sem hefur að meginstarfsemi að stunda leyfisskylda starfsemi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.

Almennt myndi ráðgjöf til útgefanda vegna eigin fjármálagerna (t.d. vegna hlutafjárhækkunar eða ráðgjafar vegna yfirtökutilraunar á útgefanda) ekki teljast fjárfestingaráðgjöf í þessum skilningi. Hins vegar myndi ráðgjöf um aðrar tilteknar fjárfestingar falla hér undir s.s. um kaup á fjármálagerningum annarra útgefanda.

Fjármálaeftirlitið
26.10.2007

Hvernig sæki ég um starfsleyfi til að veita fjárfestingaráðgjöf?

Aðilar sem hafa starfsleyfi

Eftirtaldir aðilar, sem þegar hafa starfsleyfi, geta fengið viðbótarheimild til að sinna fjárfestingaráðgjöf: viðskiptabankar, sparisjóðir, lánaþyrntæki, verðbréfafyrirtæki og verðbréfamiðlanir, sbr. dreifibréf sem sent hefur verið þessum aðilum.

Aðilar sem ekki hafa starfsleyfi

Aðrir aðilar en að framan greinir þurfa að sækja um starfsleyfi sem fjármálaþyrntæki. Neðangreind umfjöllun tekur mið af því að um félag sé að ræða sem eingöngu ætlar að sinna fjárfestingaráðgjöf og getur það því eingöngu fengið starfsleyfi sem verðbréfamiðlun eða verðbréfafyrirtæki. Sé ætlunin að stunda frekari starfsemi þurfa frekari upplýsingar að koma fram í umsókninni auk þess sem slíkt starfsleyfi getur verið háð frekari skilyrðum.

Eftirtalin skilyrði þurfa að vera uppfyllt til að félag geti fengið starfsleyfi sem verðbréfamiðlun eða verðbréfafyrirtæki:

1. *Hlutafélag*
Félagið sem sækir um starfsleyfi þarf að vera hlutafélag, sbr. lög um hlutafélög nr. 2/1995.
2. *Lágmarks hlutafé.*
Lágmarks hlutafé verðbréfamiðlunar er 5 milljónir króna. Lágmarkshlutafé verðbréfafyrirtækis er 65 milljónir króna nema ef félagið hefur hvorki heimild til eigin viðskipta né sölutryggingar en þá er lágmarks hlutaféð 11 milljónir króna.
3. *Höfuðstöðvar á Íslandi*
Félag sem hefur starfsleyfi samkvæmt 3. gr. ffl. skal hafa höfuðstöðvar á Íslandi, sbr. 15. gr. ffl.
4. *Stjórn félagsins þarf að vera skipuð þremur stjórnarmönnum og jafnmörgum til vara, sbr. 51. gr. ffl.*
5. *Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri þurfa að uppfylla hæfisskilyrði 52. gr. ffl.*
Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri félagsins þurfa að fylla út sérstakan spurningalista sem finna má á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins. Einnig þurfa þeir að skila inn sérstöku sakavottorði og vottorði um að bú þeirra hafi ekki verið tekið til gjaldþrotaskipta. Framkvæmdastjórinn þarf auk þess að mæta í sérstakt hæfismatspróf hjá Fjármálaeftirlitinu.
6. *Hæfisskilyrði starfsmanna sem hafa umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við fjárfestingaráðgjöf.*
Þeir starfsmenn er hafa umsjón með daglegri starfsemi í tengslum við verðbréfaviðskipti skv. 6. tl. 1. mgr. 3. gr. ffl., þ.á.m. fjárfestingaráðgjöf þurfa að hafa staðist próf í verðbréfaviðskiptum, sbr. 1. mgr. 53. gr. ffl.
7. *Innri endurskoðunardeild*

Fjármálaeftirlitið
26.10.2007

Hjá félögum sem hafa starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki þarf að vera starfrækt innri endurskoðunardeild, sbr. 16. gr. ffl. Fjármálaeftirlitið getur þó veitt undanþágu frá því að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

8. *Trygging*

Verðbréfamiðlun þarf að hafa tryggingu, sbr. 2. mgr. 26. gr. ffl.

9. *Eigendur virkra eignarhluta í félaginu þurfa að uppfylla skilyrði VI. kafla ffl.*

Þeir einstaklingar og lögaðlar sem eiga 10% eða meira í félagi sem hefur starfsleyfi samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki þurfa að óska eftir heimild hjá Fjármálaeftirlitinu, sbr. 40. gr. ffl. Ber þeim að senda inn umsókn þar sem fram koma þær upplýsingar sem taldar eru upp í 41. gr. ffl.

10. *Lágmarks eiginfjárgrunnur*

Eiginfjárgrunnur félagsins skal á hverjum tíma nema að lágmarki 8% af áhættugrunni, sbr. 1. mgr. 84. gr. ffl.

11. *Eftirlitskerfi með áhættum*

Félagið þarf að hafa yfir að ráða tryggu eftirlitskerfi með áhættum í tengslum við starfsemi sína, sbr. 17. gr. ffl. Nánari kröfur til upplýsingakerfa má finna í leiðbeinandi tilmælum Fjármálaeftirlitsins nr. 1/2005.

Gögn með umsókn:

Auk upplýsinga um að félagið uppfylli framangreind skilyrði þurfa eftirtalin gögn að fylgja umsókn um starfsleyfi sem fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. ffl.

1. Upplýsingar um tegund starfsleyfis, sbr. 4. gr. ffl., þ.e. hvort sótt er um starfsleyfi sem verðbréfafyrirtæki eða verðbréfamiðlun.
2. Upplýsingar um aðra starfsemi sem fyrirhugað er að stunda, sbr. IV. kafli ffl.
3. Samþykktir félagsins.
4. Upplýsingar um innra skipulag fyrirtækisins, þ.m.t. eftirlits- og starfsreglur og fjölda starfsmanna. M.a. er átt við starfsreglur stjórnar, sbr. 2. mgr. 54. gr. ffl. og reglur um varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, sbr. lög nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka
5. Viðskipta- og rekstraráætlun þar sem m.a. kemur fram fyrirhugaður vöxtur og uppbygging eiginfjár ásamt forsendum.
6. Upplýsingar um stofnendur og hluthafa, sbr. VI. kafli ffl.
7. Upplýsingar um stjórnarmenn, framkvæmdastjóra og aðra stjórnendur.
8. Staðfesting endurskoðanda á innborgun hlutafjár.
9. Upplýsingar um nán tengsl fyrirtækisins við einstaklinga eða lögaðila. Skilgreining á því hvað sé átt við með nánnum tengslum er að finna í 2. mgr. 18. gr. ffl.
10. Aðrar viðeigandi upplýsingar

Fjármálaeftirlitið kann jafnframt að óska eftir frekari upplýsingum við afgreiðslu umsóknar.

Tímafrestir við afgreiðslu starfsleyfis:

Fjármálaeftirlitið skal taka ákvörðun um hvort félagi verði veitt starfsleyfi ein fljótt og unnt er og eigi síðar en þrem mánuðum eftir að fullbúin umsókn hefur borist, sbr. 1. mgr. 6. gr. ffl.